

Minnisblað

um skipulagsáætlanir í A-Hún ef af sameiningu verður:

Eitt af grundvallaratriðum við gerð nýs aðalskipulags er að taka þarf tillit til Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Landsskipulagsstefna 2015–2026 er kaflaskipt eftir þeim fjórum viðfangsefnum sem mörkuð er stefna um:

1. Skipulag á miðhálandi Íslands
2. Skipulag í dreifbýli
3. Búsetumynstur og dreifing byggðar
4. Skipulag á haf- og strandsvæðum

Í viðauka við landsskipulag er bætt við þremur nýjum köflum:

5. Loftslagsmiðað skipulag
6. Staðarmótun og landslagsvernd
7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags og taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana. Landsskipulagsstefnan er nokkuð ítarleg og fjallar um allt frá hinum stóru heimsmarkmiðum niður í útfærslur á framkvæmd einstakra húsa. Neðanrituð samantekt tekur því ekki á öll sem fram kemur í stefnunni en leitast er við að draga fram helstu sjónarmið og markmið sem þar koma fram. Landsskipulagsstefnan er mjög vel útskýrð á vefnum www.landsskipulag.is

1. Skipulag á miðhálandi Íslands

Gert er ráð fyrir að í skipulagi sveitarfélaga verði áhersla á að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandis með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Áhersla verði lögð á sjálfbæra gróðurframvindu m.a. með ákvæðum í aðalskipulagi um beitarsvæði, landgræðslu, hverfisvernd náttúrugæða og skipulagi ferðamannastaða í sátt við náttúru og umhverfi. Miðað er við að viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að góðu aðgengi að hálandinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti til verndunar víðerna og skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálandisins.

2. Skipulag í dreifbýli

Gert er ráð fyrir að skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli.

Leitast verði við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

3. *Búsetumynstur og dreifing byggðar*

Í Landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða. Einnig er gert ráð fyrir að mörkuð verði stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsgerðin stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Þá verði og hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig tekið verði tillit til áhrifa loftslagsbreytinga og náttúruvár.

4. *Skipulag á haf- og strandsvæðum*

Ekki eru beinar skyldur lagðar á sveitarfélög um skipulag haf- og strandsvæða enda eru þau almenn fyrir utan skipulagsmörk sveitarfélaga – enn. Það kann að breytast með aukinni ásókn í fiskeldi og aðra nýtingu haf- og strandsvæða.

5. *Loftslagsmiðað skipulag*

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um loftslagsmál lagt mat á loftslagsáhrif skipulagstillagna. Miðað verði við að þetta blandaða byggð með það að markmiði að draga úr vegalengdum og ferðaþörf. Skilgreind verði vinnusóknar- og þjónustusvæði og stuðlað að góðum tengslum milli byggðaheilda með almenningssamgöngum og svæðisbundnu stígakerfi. Sett verði inn skipulagsákvæði um loftslagsvænar samgöngur og almenningssamgöngur. Skipulagsgerðin miði að því að kolefnisspor byggða sé eins lítið og kostur er og tekin afstaða til hvort gera eigi sérstakar kröfur um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.

6. *Staðarmótun og landslagsvernd*

Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efla gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi þannig að verðmætt landslag sé varðveitt. Óbyggð víðerni verði kortlögð og landnýting taki mið af greiningu á þeim með það að markmiði að halda óbyggðum víðernum. Landbúnaðarland verði flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða og flokkuð með það að markmiði að varðveita hentugasta landrýmið til ræktunar.

Sett verði fram stefna og skipulagsákvæði um „20 mínútna bæinn“. Sett fram ákvæði um fjölþætt hlutverk gatna sem umferðarleiða og bæjarrýma. Einnig skal sett stefna um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi bæði af fagurfræðilegum og loftslagsbætandi ástæðum. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi og kennileitum.

7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um „20 mínútna bæinn“ með það að markmiði að bæta göngu- og hjólahæfi og auka hreyfingu í daglegu lífi og gert ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra útivistarsvæða og hugað að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi. Stuðlað verði að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum lýðfræðilegrar þróunar og jafnframt stuðlað að gæðum húsnæðis. Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, meðal annars með útfærslu byggðar og almenningsrýma og tryggja aðgengi og öryggi á götum og stígum og í öðrum almenningsrýmum og beini sjónum sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun síns nærumhverfis tryggður í gegnum allt skipulagsferlið; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika íbúa til þátttöku.

Niðurlag:

Ástæða þess að samantektin er gerð liggur fyrst og fremst í því að ef sveitarfélög í A-Hún verða sameinuð þarf að takst sátt um nýtt aðalskipulag þar sem Landsskipulagsstefnan hefur óhjákvæmilega mjög mikil áhrif og beinir mörgum nýjum spurningum inn í skipulagsferlið. Það er því mikilvægt að áherslur Landsskipulagsstefnunnar séu kynntar og um þær fjallað í undirbúningi sameiningarkosninga og gerð grein fyrir helstu áhrifum hennar. Ef sameining verður ekki niðurstaðan verða sveitarstjórnir núverandi sveitarfélaga sömuleiðis að horfa til framangreindra þátta við endurgerð aðalskipulaga. Skipulagsstofun er líkleg til að líta á það sem hlutverk sitt að hafa eftirlit með að þeir þættir sem við eiga í Landsskipulagsstefnu komi fram í þeim aðalskipulagsáætlunum sem gerðar verða og mun ganga eftir að því sé framfylgt. Í stefnunni er hlutverk sveitarfélaga mjög skýrt tilgreint í flestum tilfellum og orðin „skal“ og „verði“ mjög gjarnan tengd við hvað skuli fjalla um í aðalskipulagsgerð sveitarfélaga.

Ljóst er að á hvern veg sem fer um sameiningakosningu kallar Landsskipulagsstefnan á umtalsvert meiri vinnu við skipulagsgerðina og hvert skipulag er líklegt til að kosta meira en þau sem gerð voru fyrir setningu Landsskipulagsstefnu. Aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag mun því verða kostnaðarsamt en er þó líklegt til að verða umtalsvert ódýrara en fjögur endurgerð aðalskipulög.

16. janúar 2021
Magnús B. Jónsson

Úrdráttur úr Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

1. SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

1.1 Víðerni og náttúrugæði

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja

1.1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins.

1.1.2 Sjálfbær gróðurframvinda

Áhersla landsskipulagsstefnu á sjálfbæra gróðurframvindu á miðhálandinu verði m.a. útfærð með ákvæðum í aðalskipulagi um beitarsvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins. Þau miði að því að beitarálag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að endurheimta og styrkja náttúruleg vistkerfi og stöðva jarðvegseyðingu. Með þeim verði stuðlað að því að beit á miðhálandinu verði stjórnað þannig að landnýting verði sjálfbær, valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu eða hamli náttúrulegri framvindu vistkerfa á illa förnu landi. Einnig verði, eftir því sem við á, sett ákvæði í aðalskipulagi um landgræðslu og landgræðslusvæði til að bregðast við rofskemmdum. Skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggist á áætlunum um uppgræðslu lands.

1.1.3 Hverfisverndun víðerna og viðkvæmra svæða

Stefna um verndun víðerna og náttúrugæða hálandisins verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, m.a. þannig að í aðalskipulagi verði þau svæði hverfisvernduð sem tilgreind eru í verndarflokki áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og náttúruverndaráætlun. Þá verði hverfisvernd eftir aðstæðum nýtt til að vernda land sem er talið viðkvæmt fyrir búfjárbreit.

1.2 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi

Uppbygging ferðamannaáðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar

1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna

Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að ferðafólki um miðhálandið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta og að ferðafólk dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu landslagi og viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggji að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

1.3 Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi

Viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun

1.3.1 Skipulag samgangna

Sveitarfélög á miðhálandinu geri grein fyrir og marki stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi í samráði við Vegagerðina. Jafnframt geri þau grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi á miðhálandinu í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins. Þá verði í skipulagsáætlunum sveitarfélaga jafnframt tekin afstaða til þess hvar gera megi ráð fyrir lendingarstöðum þyrila og flugvéla og eftir atvikum afmörkuð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi.

1.4 Sjálfbær nýting orkulinda

Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti til verndunar víðerna

1.4.1 Orkunýting í skipulagsáætlunum

Skipulagsákvæðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings taki mið af áherslu landsskipulagsstefnu á sjálfbæra nýtingu orkulinda og verndun víðerna og náttúru miðhálandisins. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.

1.5 Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag

1.5.1 Fjarskipti í skipulagsáætlunum

Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi og taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálandisins.

1.6 Skipulag með tilliti til náttúruvár

Við skipulagsgerð á miðhálandinu verði tekið tillit til öryggis vegna náttúruvár.

1.6.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár

Við ákvæðanir um mannvirkjagerð á miðhálandinu verði tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

2. SKIPULAG Í DREIFBÝLI

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag

2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli

Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaðpróun í þéttbýli og dreifbýli

2.1.1 Sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.

2.2 Umhverfis- og menningargæði

Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi

2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands

Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið

2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.

2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu

2.4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.

2.5 Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggji örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun

2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

2.6 Sjálfbærar samgöngur

Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta

2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginleikjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

2.6.2 Ferðamannaleiðir

Sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi.

2.6.3 Skipulag annarra vega en þjóðvega í náttúru Íslands

Sveitarfélög geri grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd.

2.7 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið

Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag

2.7.1 Fjarskipti í skipulagsáætlunum

Skipulagsáskvarðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag.

2.8 Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga

Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum

2.8.1 Skipulagsgerð sveitarfélaga með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum. Einnig verði, eftir því sem við á, tekið tillit til loftslagsbreytinga, svo sem þar sem þær leiða til breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu eða sandfoks.

3. BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

Próun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna

3.1 Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun

Skipulag byggðar og próun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild

3.1.1 Skilgreining meginkjarna

Við skipulagsgerð sveitarfélaga og gerð sóknaráætlana landshluta verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags.

3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri próun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar

3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða

Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

3.2.2 Hagkvæm uppbygging

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðarog atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar.

Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru

3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

3.3.2 Heilnæmt umhverfi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs

3.4.1 Öflugir innviðir

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

3.5 Sjálfbærar samgöngur

Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta

3.5.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun.

3.5.2 Samgöngur í þéttbýli

Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

3.6 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið

Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að umhverfisáhrifum

3.6.1 Fjarskipti í skipulagsáætlunum

Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi, en taki jafnframt tillit til umhverfisáhrifa.

3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar

Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga

3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsáðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

4. SKIPULAG Á HAF- OG STRANDSVÆÐUM

Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland

Ekki eru beinar skyldur lagðar á sveitarfélög um skipulag haf- og strandsvæða enda eru þau almennt fyrir utan skipulagsmörk sveitarfélaga – enn. Það kann að breytast með aukinni ásókn í fiskeldi og aðra nýtingu haf- og strandsvæða. Með nýrri löggjöf um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum verður líklega ákveðið hvernig stjórnslu skipulagsmála á haf- og strandsvæðum skuli háttað.

Viðauki við landsskipulagsstefnu:

Er í umsagnarferli. Athugasemdafrestur rann út 8. janúar 2021.

5. Loftslagsmiðað skipulag

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

5.0.1 Stefna um loftslagsmiðað skipulag

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Einnig stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum loftslagsbreytinga. Miðað verði að eins miklum og skjóttum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda, að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna. Jafnframt verði stefnt að því að viðkomandi samfélög hafi viðnámsþrótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga til langs tíma. Stefnan verði lögð til grundvallar við útfærslu skipulagsákvæða um þróun byggðar, samgöngur og landnotkun og eftir því sem við á sett mælanleg markmið um árangur í loftslagsmálum.

5.0.2 Mat á loftslagsáhrifum og viðnámsþrótti skipulags

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma. Jafnframt verði lagt mat á viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

5.1 Loftslagsvænar samgöngur

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta og almenningsamgöngur.

5.1.1 Byggðamynstur í þágu loftslagsmála

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að draga úr vegalengdum og ferðaþörf og auka hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði skilgreind vinnusóknar- og þjónustusvæði og stuðlað að góðum tengslum milli byggðarheilda með almenningsamgöngum og svæðisbundnu stígakerfi.

5.1.2 Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virka ferðamáta og almenningsamgöngur. Skipulag styðji einnig við orkuskipti og skapi, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna.

5.2 Loftslagsvæn byggð

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að minnka kolefnisspor samfélagsins með áherslu á loftslagsvæna mannvirkjagerð og eflingu hringrásarhagkerfis.

5.2.1 Loftslagsvæn mannvirkjagerð

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að kolefnisspor byggðar sé eins lítið og kostur er. Þannig verði við skipulagsgerð hugað að því að byggingar og almenningsrými séu sveigjanleg gagnvart breyttri nýtingu. Jafnframt verði tekin afstaða til þess í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, hvort gera eigi sérstakar kröfur um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.

5.2.2 Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um aðstæður fyrir endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið og draga eins og kostur er úr urðun úrgangs. Skipulag styðji við að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti, í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

5.3 Loftslagsvæn landnotkun

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

5.3.1 Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulags, verði lagt mat á ástand lands með tilliti til kolefnisbúskapar. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir. Hún miði einnig að því að draga úr jarðvegseyðingu og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, með það að markmiði að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Jafnframt verði, eftir því sem við á, tekin afstaða til ráðstöfunar lands fyrir bindingu kolefnis í bergi.

5.3.2 Vernd og endurheimt votlendis

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um verndun og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita og binda kolefni í votlendi.

5.3.3 Skógar og skógrækt

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

5.3.4 Framleiðsla matvæla og orkujurta

Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar.

5.4 Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.

Skipulag eflir viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

5.4.1 Greining áskorana

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga verði greint hvaða áskorana er að vænta í sveitarfélaginu til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnýtingu og þróun byggðar. Það getur meðal annars átt við hækkun sjávarborðs og ágang sjávar, vatnsflóð, hörfun jökla, skriðuföll, úrkomuákefð, ofviðri, gróðurelda og líffræðilega fjölbreytni.

5.4.2 Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við.

5.4.3 Grænir innviðir

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta má græna innviði til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð.

6. Staðarmótun og landslagsvernd

Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

6.0.1 Skipulag með tilliti til landslags

Við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

6.0.2 Mat á áhrifum skipulags á landslag

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á áhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma á náttúrulegt og byggt landslag.

6.1 Varðveiting og efling landslagsgæða og staðareinkenna

Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi, byggt á landslagsgreiningu og mati á staðareinkennum.

6.1.1 Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind. Niðurstöður landslagsgreiningar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á, viðhalda og efla þau gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar.

6.1.2 Skipulagsgerð með tilliti til víðerna

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar, með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum.

6.1.3 Skipulagsgerð um skóga og skógrækt

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt. Hún feli í sér áherslur sveitarstjórnar um verndun og viðhald náttúruskóga og um framfylgd landsáætlunar um skógrækt að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna, meðal annars með tilliti til landslagsverndar.

6.1.4 Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landbúnaðarland flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða. Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar. Jafnframt byggi ákvæðanir um uppskiptingu lands á skipulagsáætlunum.

6.2 Landslagshönnun og mannvirki í landslagi

Skipulag byggðar skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma.

6.2.1 Fjölbreytt og lifandi bæjarrými

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjahönnun í samræmi við skipulagshugmyndir um 20

mínútna bæinn með það að markmiði að tryggja fjölbreytt og lifandi bæjarrými og góð tengsl á milli þeirra.

6.2.2 Gatnakerfi og göturými

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem tekur mið af fjölþættu hlutverki gatna sem umferðarleiða og bæjarrýma. Sérstaklega verði hugað að hönnun og útfærslu aðalgatna, sem þjóna gegnumumferð auk þess að gegna hlutverki sem umferðarleiðir og bæjarrými í viðkomandi hverfi.

6.2.3 Grænir innviðir

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru og leggja af mörkum til loftslagsmála með gróðri, viðhaldi líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærum ofanvatnslausnum.

6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.

7.0.1 Skipulag í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.

7.0.2 Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á lýðheilsuáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma.

7.1 Heilsuvænir ferðamátar og hreyfing í daglegu lífi

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.

7.1.1 Byggðamynstur í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að bæta göngu- og hjólahæfi og auka hreyfingu í daglegu lífi.

7.1.2 Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að skipulag gatnakerfis og hönnun og útfærsla göturýma innan byggðarheilda tryggji góðar aðstæður fyrir alla ferðamáta, með áherslu á göngu og hjólréiðar og aðra virka ferðamáta, með það að markmiði að auka hreyfingu í daglegu lífi. Innan og utan þéttbýlis verði miðað að því að stígakerfi geti þjónað sem samgöngu- og útivistarleiðir.

7.2 Fjölbreytt útivist í nánd við náttúru

Skipulag byggðar og landnotkunar tryggi möguleika til dvalar og hreyfingar utandyra að sumri og vetri, með áherslu á nánd við náttúru.

7.2.1 Fjölbreytt útivistarsvæði til margvíslegra nota

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra og vandaðra útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem gefi kost á hreyfingu, leik, samskiptum og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

7.2.2 Náttúra í almenningsrýmum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi, í þeim tilgangi að skapa heilsuvænt og fallett umhverfi og gott nærveðurfar.

7.3 Fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra hópa

Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa.

7.3.1 Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun. Skýr tengsl verði á milli greiningar og stefnu í skipulagsáætlunum og húsnæðisáætlunar viðkomandi sveitarfélags. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt miðað að því að innan hvernar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði, í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn.

7.3.2 Vandað íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að gæðum íbúðarhúsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými.

7.4 Heilnæmt og öruggt umhverfi

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.

7.4.1 Loftgæði og hljóðvist

Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, meðal annars með útfærslu byggðar og almenningsrýma sem dregur úr ferðapörf og hvetur til virkra ferðamáta.

7.4.2 Aðgengi og öryggi í almenningsrýmum

Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja aðgengi og öryggi á götum og stígum og í öðrum almenningsrýmum og beini sjónum sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

7.5 Tækifæri til áhrifa á mótun nærumhverfis

Við skipulag byggðar og landnotkunar verði tryggð góð tækifæri fyrir ólíka aldurs- og félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi.

7.5.1 Samráð við skipulagsgerð

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun síns nærumhverfis tryggður í gegnum allt skipulagsferlið; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika íbúa til þátttöku.